— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* sölu á kirkjujörð. — Samkvæmt allra þegnlegustu tillögum ráðgjafans, þá er hann hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 23. ágúst þ. á. hefir hans hátign konunginum hinn 13. þ. m. allramildilegast þóknazt að fallast á, að jörðina Haukagil í Hvítársíðuhreppi í Mýrasýslu í vesturumdœmi Íslands, sem liggur undir Gilsbakka prestakall, megi selja Sigurði söðlasmið Jónssyni að jarðakaupum fyrir jörðina Hvassafell í Norðurárdalshreppi í sömu sýslu með tilheyrandi hjáleigum, Uppkoti og Útkoti, þannig að hina fyrnefndu jörð beri eptirleiðis að því er snertir gjaldskyldu að skoða sem bœndaeign, en hina síðarnefndu sem kirkjujörð. **165** 16. okt.

Þetta læt jeg ekki undir höfuð leggjast að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* prjedikunartexta. — Samkvæmt allra þegnlegustu tillögum ráðgjafans, er hann gjörði eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 14. júní þ. á., hefir hans hátign konunginum þóknazt hinn 13. f. m. allramildilegast að fallast á, **166** 16. okt.

1, að biskupinum yfir Íslandi veitist vald til, að leyfa prestum þar ár frá ári eða eptir annari hagkvæmri reglu að prjedika til skiptis út af hinum fyrirskipuðu guðspjallatextum og út af hinum fyrirskipuðu pistlatextum, og enn fremur að biskupinn geti veitt prestunum leyfi til um vissan tíma að prjedika út af öðrum textum eða köflum hins nýja testamentis eða litlu frœðum Lúthers, þó má ekki leyfa þetta þá sunnudaga í föstunni, er prjedika skal út af píningarsögu Krists.

2, að þegar presturinn prjedikar út af öðrum texta en hinu fyrirskipaða guðspjalli, þá skuli hann samt tóna það, og

3, að lagt verði fyrir prestinn, ef hann af sjerstökum ástœðum skyldi hafa notað sjálfvalinn texta, þá að tilkynna það prófasti.

Þetta undanfellir ráðgjafinn ekki hjer með þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

— *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austurumdœminu um* umboðsmann sýslumanns við tollheimtuna. — Í þóknanlegu brjefi frá 14. f. m. sögðuð þjer, herra amtmaður, mjer álit yðar um erindi Pjeturs verzlunarstjóra Guðjohnsens á Vopnafirði, er hann hafði hingað sent, og þar sem hann fer þess á leit, að þar á staðnum verði settur maður, sem á eigin ábyrgð hafi á hendi störf þau, er samfara eru tollheimtunni. Vil jeg því hjer með tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að hið umbeðna verður ekki veitt, því að ábyrgðin á tollheimtunni hvílir á lögreglustjóra, og er þar í fólgin trygging bæði fyrir landssjóð og tollgreiðendur; aptur á móti er sýslumaðurinn í Norðurmúlasýslu skyldur til að hafa umboðsmann á Vopnafirði, löggiltan af amtinu, sem sýslumannsins vegna og á hans ábyrgð gætir starfa þeirra, sem eru samfara tollheimtunni þar. **167** 20. okt,

— *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austurumdœminu um* flutning úr framfœrslusveit. — Eptir að Hjörtur sá Guðmundsson, er getur um **168** 25. okt.

Hinn 20. desbr. 1880.

Reykjavík 1880. Einar Þórðarson.